

BRÁÐABIRGÐALÖG

87

15. sept.

um viðauka við lög nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér að nauðsyn beri til að stytta fresti þá, er um ræðir í 26. og 66. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, við kosningar þær, er fram eiga að fara 18. og 19. okt. 1942.

Með því að ég fellst á að brýn nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara 18. og 19. okt. 1942, skulu öll framboð í kjördæmum tilkynnt hlutaðeigandi yfirkjörstjórn skriflega og eigi síðar en 28 dögum fyrir kjördag. Þegar landlistar eru bornir fram skulu þeir tilkynntir landskjörstjórn á sama hátt og eigi síðar en 27 dögum fyrir kjördag.

2. gr.

Þeir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns utan kjörfundar við alþingiskosningar 18. og 19. okt. 1942, eiga rétt á að greiða atkvæði úr því að 25 dagar eða styttri tími er til kjördags, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæði telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

3. gr.

Lög þessi þölast þegar gildi.

Gjört á Þingvöllum, 15. september 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

HAFNARLÖG

88

15. sept.

fyrir Grundarfjörð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til hafnargerðar í Grundarfirði veitast úr ríkissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 200000 — tvö hundruð þúsund krónur — gegn $\frac{3}{5}$ frá hafnarsjóði Eyrarsveitar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 300000 — þrjú hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Eyrarsveitar kann að